

From: Bjarni Guðmundsson
Sent: Thu, 16 May 2024 14:13:17 +0000
To: Bjarni Guðmundsson
Subject: Farsældarráð á Suðurlandi ... erindi til afgreiðslu í sveitarstjórn ...
Attachments: Samhæfð svæðaskipan farsældarráð - næstu skref 30 04 2024.pdf

Ágætur bæjar- og sveitarstjórar.

Undanfarið hefur verið mikil umræða um vinnu við skipulag og samstarf sveitarfélaga að farsæld barna og þá á landshlutavísu. Ráðuneyti mennta- og barnamála skipaði í lok síðasta árs spretthóp til að vinna tillögu að útfærslu á starfsemi farsældarráða barna sem setja á á laggirnar samkvæmt 5. gr. farsældarlaga. Hugmyndin er að stofnað verði farsældarráð í hverjum landshluta. Í tengslum við þetta hefur ráðuneytið lýst yfir vilja sínum til að **gerður verði viðaukasamningur við sóknaráætlanir landshluta um að landshlutasamtökin fái fjárhagslega stuðning til þess að ráða verkefnastjóra í tvö ár til þess að útfæra starfsemi farsældarráða og þá í nánú samráði við aðildarsveitarfélögin.**

Á stjórnarfundi SASS 10. maí sl. var farið yfir niðurstöður starfshópsins en tillaga er um að næstu skref í verkefninu felist í eftirfarandi:

1. SASS hafi samband við sveitarfélögin í landshlutanum og sæki til þeirra umboð til að gera viðaukasamning undir merkjum sóknaráætlunar við mennta- og barnamálaráðuneytið.
2. SASS sendi staðfestingu til ráðuneytisins um áhuga sveitarfélaganna til þátttöku. Auk þess verði send gróf lýsing á því hvernig samtökin sjá fyrir sér að verkefnið sé unnið, t.a.m. tímalínu, rökstuðning fyrir hálfu eða heilu stöðugildi, umfangi og verklagi.
3. Viðaukasamningur verður í framhaldi gerður við sóknaráætlun landshlutans Suðurlands þar sem verkefnið er útfært nánar.

Að þessu loknu er samningurinn útfærður í samráði við SASS og með mögulegri undirritun fyrir lok mánaðarins, auglýst yrði fljótlega eftir verkefnisstjóra, verði þetta samþykkt, sem geti hafist handa með haustinu.

Stjórn SASS telur mikilvægt að unnið sé þvert á landshlutann að samhæfingu með farsæld barna að leiðarljósi og því var ákveðið að kalla eftir afstöðu sveitarfélaganna og fá umboði þeirra. Áréttað er að fjármunir fylgja samningnum og að hann felur ekki í sér fjárhagslegar skuldbindingar fyrir sveitarfélögin en er fyrst og fremst yfirlýsing um að þau vilji eiga með sér samstarf um útfærslu á farsældarráði á Suðurlandi og skoðuð verði tækifæri til samstarfs í þessu verkefni.

Vinsamlegast takið erindið fyrir í sveitarstjórn.

Sjá í viðhengi nánari uppl. um niðurstöður starfshópsins.

Bestu kveðjur,

Bjarni



Bjarni Guðmundsson
framkvæmdastjóri

SASS

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Austurvegi 56

800 Selfossi

sími 480 8200

sími 897 9791